

EFTIRLITSSKÝRSLA

Kalka sorpeýðingastöð sf. Kalka, Berghólabraut, Helguvík



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	10.10.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Kalka sorpeýðingastöð sf.	Eftirlitsmaður	Frigg Thorlacius
Heimili	Berghólabraut 7	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	5312780469	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Jón Norðfjörð	ÍSAT nr.	38.21.0,38.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Ingbór Karlsson	Staðsetning	325484,211 396471,342

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust en bent var kröfu um skráningu og tilkynningaskyldu vegna mengunaróhappa sem upp geta komið.

UMFANG EFTIRLITS

Á fundinn voru mættir Jón Norðfjörð og Ingbór Karlsson, fulltrúar rekstraraðila og Frigg Thorlacius og Gottskálk Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun.

Dagskrá:

- Stutt skoðunarferð um brennslustöðina og aðstöðu á lóð
- Fundur
 - Kynning á starfsseminni
 - Útafstandandi frá fyrra eftirliti ársins
 - Farið yfir kröfur í starfsleyfi og stöðu rekstraraðila gagnvart þeim.

1. Skoðunarferð um fyrirtækið

Eftirlitið hófst á skoðunarferð um aðstöðuna á Berghólabraut 7 með Ingbóri Karlssyni. Farið var um aðstöðu fyrir móttöku, flokkun og þökkun úrgangs og eins var skoðuð aðstaða við spilliefnageymslu og geymslu sóttmengaðs úrgangs. Síðan var brennslustöðin skoðuð, gengið var um úrgangsmóttöku brennslunnar, úrgangsgryfju og inniaðstöðu við hökkun húsgagna. Farið í stjórnklefa brennslunnar og fylgst með vélstjóra á vakt stjórna innmötun og fínstillingu brennslunnar. Farið um svæði þar sem málmar eru flokkaðir úr botnösku og flugösku er safnað upp þar til hún er flutt í geymsluhúsnæði í Njarðvík. Allt leit ágætlega út.

2. a. Kynning rekstraraðila á starfseminni

Fyrst fór fulltrúi rekstraraðila yfir helstu þætti í rekstri fyrirtækisins. Fram kom að skráð hefur verið nýtt nafn á fyrirtækið, en nafni Sorpeýðingastöðvar Suðurnesja hefur verið breytt í Kalka sorpeýðingastöð sf. en er áfram rekið á sömu kennitölu. ÍSAT flokkun 38.21.0 – meðhöndlun og flokkun hættulítils sorps.

Hjá Umhverfisstofnun liggur fyrir erindi Kólku sorpeýðingastöðvar sf. um að fá breytingu á starfsleyfi sínu til þess að taka á móti og flokka og meðhöndla fiskikör og annað plastefni á lóð gömlu sorpbrennslunnar við Hafnarveg sem Kalka sorpeýðing sf. hefur afnot af. Að mati rekstraraðila er vandinn aðkallandi, því mikið magn fiskikara er uppsafnaður víðsvegar um landið og vantar farveg fyrir þennan úrgang. Eins kom fram að Kalka sorpeýðingastöð sf. hefur sótt um lóðina Berghólabraut 6 en það tengist ekki starfsleyfi sorpbrennslunnar eins og það er nú.

2. b. Útafstandandi frá fyrra eftirliti ársins

Nú voru teknar saman niðurstöður úr eftirlitum síðustu ára og eru engin opin frávik úr þeim eftirlitum.

Ábendingar voru til rekstraraðili í síðustu eftirlitsskýrslu um að hann upplýsi stofnunina um byggingaframkvæmdir á lóð félagsins þar sem byggja á spilliefna- og botnöskugeymslur. HUG verktakar ehf. hyggjast hefja verkið nú í október. Verklok eru í apríl 2019.

Í ársskýrslu rekstraraðila sem skilað var í vor, komu fram skráningar og niðurstöður mælinga fyrir árið á undan. Niðurstöður sýndu að efnamagn í útblæstri og fráveitu voru innan starfsleyfismarka. Skráningar voru góðar en eftirlitisaðili benti á kröfu um skráningu mengunaróhappa og núllskýrslu ef engin óhöpp hafa orðið á árinu sem ársskýrslan fjallar um.

Niðurstöður sísmælinga berast stofnuninni á 3 mánaða fresti. Fram kom að nýr kvarðaður rykmælir er í útblæstri sem sinnir sísmælingum. Mælirinn var tekinn í notkun í sumar. Meira samræmi virðist nú vera á milli 30 mínútna meðaltölum árlegu mælinganna í ryki og sísmælinganna. Gamli rykmælirinn virðist því hafa verið að sýna of há gildi enda hafði ekki verið hægt að kvarða hann lengi.

Umhverfisstofnun hefur yfirfarið og samþykkt loftdreifilíkan fyrir skorsteininn í brennslunni. Útreikningar sýna að útblásturshraði brennslunnar eins og hann er að jafnaði (um 11,8 m/s) nægir til þess að styrkur mengunarefna á

næríggjandi lóðum helst yfir reglugerðarviðmiðunum. Því var ákveðið að lágmarksmörk fyrir útblásturshraða skuli vera 11,8 m/s.

2. c. Yfirferð yfir kröfur í starfsleyfi

Allar innsendar skýrslur um rekstur fyrirtækisins á árinu 2017 sem kröfur eru um bástur fyrir 1. maí. Farið var yfir magntölur í grænu bókhaldi og jókst magn brennds úrgangs um meira en 500 tonn á milli ára. Stöðin er rekin á sem næst hámarksafköstum.

Ekki eru gerðar athugasemdir við niðurstöður mælinga frá 2017 sem eru þó nálægt losunarmörkum fyrir NOX og díoxín. Skila skal niðurstöðum árlegra mælinga fyrir 1. maí ár hvert.

Símælingar eru á ryki, kolmónoxíði, brennisteinsdíoxíði, vetnisklóriði og TOC (heildarmagni lífræns kolefnis) í útblæstri og eins skal mæla hitastig í brunahólfi og styrk súrefnis, þrýsting, hita og vatnsgufuinnihald í útblásturlofti. Mælingar hafa farið fram um árabíl og hefur verkfræðistofan EFLA hefur séð um kvarðanir ásamt viðhaldi á mælunum. Fram kom hjá rekstraraðila að samsetning úrgangs getur haft nokkuð mikil áhrif á losun frá brennslunni. Greinileg áhrif koma fram á haustin þegar sláturúrgangur berst í miklu magni. Vökvainnihald er hátt og raki í ferlinu veldur kólnun í eftirbrennslu og toppum í NOx. Stækka þyrfti safngryfju framan við brennsluhólfið svo hægt væri að auka blöndun úrgangsins áður en hann er fluttur inn í brennsluhólfið og fá þannig jafnari brennslu.

Rekstraraðili sendi inn drög að vöktunaráætlun í upphafi árs. Þar sem Umhverfisstofnun skal samþykkja áætlunina var hún send í skoðun innanhúss og komu fram nokkrar athugasemdir við hana sem sendar voru rekstraraðila. Von er á uppfærðri vöktunaráætlun frá rekstraraðila fljótlega.

Farið var yfir stöðu á hreinsivirki í útblæstri. Pokasiur í hreinsivirki hafa reynst vel og endast í ca. 5 ár áður en pokum er skipt út. Síðustu pokaskipti fóru fram á síðasta ári (2017).

Fleira var ekki gert.

ÁBENDINGAR

Bent var kröfu um skráningu og tilkynningaskyldu vegna mengunaróhappa sem upp geta komið.


ANNAD

Bæklingur Umhverfisstofnunar um mælanleg umhverfismarkmið var afhentur í eftirliti.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 07.11.2018



Gottskálk Friðgeirsson